

**From:** [Linda Fanney Valgeirsdóttir](#)  
**To:** [Jón Gíslason](#); [Viktor S. Pálsson](#); [Skúli Þórðarson](#); [Sigrún Ágústsdóttir](#); [alfred@hne.is](mailto:alfred@hne.is); [anton@hevf.is](mailto:anton@hevf.is); [Árný Sigurðardóttir](#); [haust@haust.is](mailto:haust@haust.is); [hev.helgi@vesturland.is](mailto:hev.helgi@vesturland.is); [hordur@heilbrigdiseftirlit.is](mailto:hordur@heilbrigdiseftirlit.is); [magnus@hes.is](mailto:magnus@hes.is); [sigrun@sudurland.is](mailto:sigrun@sudurland.is); [sigurjon@hmv.is](mailto:sigurjon@hmv.is); [thn@mos.is](mailto:thn@mos.is); [arjohann@skagafjordur.is](mailto:arjohann@skagafjordur.is)  
**Cc:** [Sigurbjörg Sæmundsdóttir](#); [Kjartan Ingvarsson](#); [Óskarsson, Hrafnkell](#); [Pálsson, Guðmundur](#); [Ása Þórhildur Þórðardóttir](#)  
**Subject:** Greining á opinberu eftirliti  
**Date:** Thursday, April 2, 2020 1:45:30 PM  
**Attachments:** [Samantekt verkefnis\\_final.docx](#)

---

Góðan dag.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafa undanfarið haft til skoðunar fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga nr. 93/1995 laga um matvæli og laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ráðuneytunum hafa borist ábendingar varðandi fyrirkomulag eftirlits á grundvelli framangreindra laga og hafa farið sameiginlega yfir málið. Í ljósi ábendinga um áskoranir í núverandi eftirlitskerfi telja ráðuneytin rétt að óháður aðili greini núverandi eftirlitskerfi. Ráðuneytin hafa því fengið KPMG til þess að vinna greiningu á kerfinu sem er áætlað að ljúki fyrir 1. maí næstkomandi. Í kjölfarið fer fram mat á því hvort þörf sé á endurskoðun kerfisins en verði niðurstaðan sú munu sömu ráðgjafar leggja til breytingar á núverandi fyrirkomulagi eftirlits.

Á meðal verkþátta greiningarvinnu er að gerð verði rafræn könnun á meðal fulltrúa heilbrigðisnefnda. Auk þess er gert ráð fyrir að tekin verði viðtöl við fulltrúa heilbrigðisnefnda, beggja ráðuneyta, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna í meðfylgjandi samantektarskjali.

Fyrirhugað er að framangreind vinna KPMG muni hefjast á næstu dögum.

Ef spurningar vakna um vinnuna er auðsótt að veita frekari upplýsingar eða hittast á fjarfundi.

Kær kveðja,

Linda Fanney og Kjartan Ingvarsson.



**Linda Fanney Valgeirsdóttir, deildarstjóri - matvæli, dýraheilbrigði og dýravelferð**  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation  
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 9700  
[www.anr.is](http://www.anr.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

## **Greining á opinberu eftirliti á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og laga nr. 93/1995, um matvæli og hugsanleg endurskoðun.**

### **1. Almennt.**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafa undanfarið haft til skoðunar fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 93/1995, um matvæli. Fyrirkomulag eftirlits á grundvelli framangreindra lagabálka er með sambærilegum hætti. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fara með eftirlit með hollustuháttum og eftirlit með mengunarvörnum er, eftir atvikum, í höndum heilbrigðisnefnda eða Umhverfisstofnunar. Matvælaeftirlit er í höndum Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Auk þess er gert ráð fyrir innra eftirliti rekstraraðila hvað varðar hollustuhætti, mengunarvarnir og matvæli. Eftirlitssvæði heilbrigðisnefnda sveitarfélaga eru tíu talsins og starfa sem sjálfstæðar einingar. Á hverju svæði starfar heilbrigðisnefnd skipuð fulltrúum viðkomandi sveitarfélaga og atvinnulífsins. Verkefni heilbrigðisnefnda er m.a. framkvæmd framangreindra laga og reglugerða settum samkvæmt þeim og eftirlit með hollustuháttum, matvælum, umhverfisgæðum og mengandi starfsemi innan heilbrigðiseftirlitssvæða og útgáfa starfsleyfa í samræmi við framangreind lög. Heilbrigðisnefndir hafa auk þess hlutverk á grundvelli annarra laga, svo sem laga um tóbaksvarnir og sóttvarnir.

### **2. Áskoranir við núverandi eftirlitskerfi**

Ráðuneytunum hafa borist ábendingar varðandi fyrirkomulag núverandi eftirlits og hafa farið sameiginlega yfir málið. Ráðuneytin telja rétt að gerð verði greining á núverandi eftirlitskerfi og í framhaldinu verði metið hvort þörf sé á að endurskoða það.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hafa borist ábendingar um þörf á að endurskoða fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Bent hefur verið á að ellefu stjórnvöld fari með opinbert eftirlit með starfsemi sem fellur undir gildissvið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem hafi leitt til þess að fyrirtæki fái eftir atvikum mismunandi meðferð eftir því hvaða stjórnvald fer með málið.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hefur borist ábendingar um áskoranir í núverandi eftirlitskerfi með matvælum og framleiðslu þeirra. Í því sambandi má nefna að í skýrslu Ríkisendurskoðunar til Alþingis um Matvælastofnun frá árinu 2013 kemur fram að leggja þurfi mat á hvort matvælaeftirlit á Íslandi verði skilvirkara, hagkvæmara og árangursríkara ef það yrði sameinað á eina hendi. Auk þess hefur verið bent á ósamræmi í eftirliti þar sem opinbert eftirlit með matvælum er tvískipt og í höndum ellefu mismunandi eftirlitsaðila sem hafi leitt af sér að kröfum í eftirliti sé misjafnlega framfylgt en slíkt geti brenglað samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þá eru gjaldskrár heilbrigðisnefnda sveitarfélaga mismunandi eftir umdæmum sem leiðir til þess að kostnaður opinbers eftirlits á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli, er mismunandi eftir landshlutum.

### **3. Greining og hugsanleg endurskoðun eftirlitskerfisins**

Eitt af áherslumálum núverandi ríkisstjórnar er að einfalda regluverk í þágu almennings og atvinnulífs og áhersla er lögð á að stjórnvöld sé skilvirk og réttlát. Með hliðsjón af framangreindu er talið æskilegt að fram fari greining á almennri framkvæmd eftirlits á grundvelli laga um laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grundvelli laga nr. 93/1995, um matvæli. Auk þess að skoða hvort þörf er á að endurskoða eftirlitskerfi á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og laga nr. 93/1995, um matvæli. Verði niðurstaðan sú að endurskoða framkvæmdina væri rétt að hún fæli í sér tillögur um framtíðarfyrirkomulag eftirlitsins.

#### **3.1 Greining á almennri framkvæmd eftirlits**

Lagt er til að framangreind greining svari eftirfarandi spurningum:

1. Er framkvæmd eftirlitsins í samræmi við kröfur viðkomandi laga og reglugerða? Í því sambandi væri m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi:
  - a. Fá rekstraraðilar lögbundið eftirlit?
  - b. eru eftirlitsskýrslur ávallt gerðar í kjölfar eftirlitsferða?

2. Er frávikum sem í ljós koma við eftirlit fylgt eftir með formlegum hætti?
3. Er verklagsreglum beitt við framkvæmd eftirlits og beitingu þvingunarúrræða?
4. Hvernig er eftirliti háttáð með því að starfsemi í rekstri hafi tilskilin leyfi, er um að ræða markvisst eftirlit að frumkvæði eftirlitsaðila eða einungis brugðist við ábendingum?

Lagt er til að niðurstaða greiningarinnar sé samantekt á framkvæmd eftirlits, byggð á framangreindum atriðum, dregið verði saman hvort um mismunandi framkvæmd sé að ræða á milli eftirlitssvæða eða ekki og annað sem fram kemur við greininguna.

### **3.2 Hugsanleg endurskoðun á eftirlitskerfi og tillögur**

Í kjölfar niðurstöðu framangreinds verkþáttar, um greiningu á almennri framkvæmd eftirlits, fer fram mat á því hvort þörf sé á endurskoðun kerfisins. Verði niðurstaðan sú munu verða gerðar tillögur að breytingum á núverandi fyrirkomulagi eftirlits og eftirfarandi atriði dregin fram:

1. Hvort matvælaeftirlit á Íslandi verði skilvirkara, hagkvæmara og árangursríkara ef það yrði sameinað á eina hendi, sbr. ábendingar Ríkisendurskoðunar frá árinu 2013. Einnig verði metið opinbert eftirlit á grundvelli laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir á sömu forsendum.
2. Galla þess að halda fyrirkomulagi framangreinds eftirlits óbreyttu.
3. Hvort unnt væri að einfalda fyrirkomulag eftirlitskerfisins með vísan til einföldunar regluverks í þágu almennings og atvinnulífsins.
4. Hvort og þá með hvaða hætti unnt sé að ná fram samhæfingu í framangreindu eftirliti og tryggja að eftirliti sé framfylgt með sama hætti á landinu öllu.
5. Hvort unnt sé að ná fram samlegðaráhrifum af nýtingu mannauðs, aðstöðu, tækjabúnaðar o.fl. með því að eftirlitið verði endurskoðað.
6. Hvernig fjármagn sem veitt er til málaflokkanna verði nýtt sem best.
7. Hvort verkaskipting eftirlitsaðila og ráðuneyta sé skýr, m.a. með hliðsjón af valdmörkum stjórnvalda.



**SHÍ**

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis

Reykjavík 6. apríl 2020

Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (HES) hafa mótttekið sameiginlegt erindi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 2. apríl 2020. Þar kemur fram að ráðuneytunum hafi borist ábendingar og áskoranir varðandi fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á grundvelli laga nr. 93/1995 um öryggi matvæla og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki kemur fram hvaða ábendingar eða áskoranir er um að ræða né hverjir það eru sem hafa sent ráðuneytunum þær. Jafnframt kemur fram að ráðuneytin telja þörf á að gera greiningu „eftirlitskerfinu“ í kjölfar þessara ábendinga og áskoranna og hafa fengið til þess óháðan aðila frá KPMG. Boðað er að gera eigi rafræna könnun hjá heilbrigðisnefndum í landinu og einnig að taka viðtöl við fulltrúa heilbrigðisnefnda auk beggja ráðuneytanna sem og Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Meðfylgjandi var svo skjal með heitinu „Samantekt verkefnis“.

HES hefur yfirfarið erindið og fylgiskjalið og gerir á þessu stigi eftirfarandi athugasemdir við einstaka kafla í fylgiskjalinu auk kröfu um nánari skýringar.

### **1. Almennt.**

Athygli vekur að rafræn könnun og þessi greiningarvinna tekur ekki til eftirlits/eftirlitskerfa Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar. Í kaflanum er talað um 10 eftirlitsaðila þ.e. HES svæðin. Þá eru UST og MAST ekki taldir með sem eftirlitsaðilar. Auk fulltrúa frá heilbrigðisnefndum á að ræða við ráðuneytin, MAST og UST. Fulltrúar heilbrigðisnefnda í þessu tilviki hljóta að vera þeir sem þekkja starfsemi og eftirlitskerfin þ.e. forsvarsmenn heilbrigðiseftirlitanna. Jafnframt er það mat HES að til að hægt sé að ná fram heilbrigðu mati á starfsemi opinberra eftirlitsaðila sé jafnframt rætt við eftirlitsþega t.d. gerð þjónustukönnun. Skoðun Samtaka atvinnulífsins endurspeglar ekki almenna afstöðu fyrirtækja landsins eða almennings til þjónustu í þessu tilviki HES.

### **2. Áskoranir við núverandi eftirlitskerfi.**

Í kaflanum kemur fram að ráðuneytunum hafi borist ábendingar varðandi fyrirkomulag núverandi eftirlits um að þörf sé á endurskoðun þess, bæði hvað varðar framfylgd laga nr. 93/1995 og laga nr. 7/1998. Einnig er vitnað til skýrslu Ríkisendurskoðunar frá 2013 vegna úttektar á MAST þar sem m.a. kemur fram að leggja þurfi mat á hvort matvælaeftirlit sé best fyrirkomið á einni hendi og að bent hafi verið á ósamræmi í eftirliti þar sem það er tvískipt og á einhvern hátt brengli samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þetta er ekki frekar útskýrt í þeirri skýrslu frekar en annars staðar. Jafnframt eru gjaldskrár HES nefndar og því haldið fram að þær séu mismunandi eftir landshlutum. Ekki er á neinn hátt tiltekið að öll heilbrigðiseftirlitssvæðin nota sömu forsendur í gjaldskrárgerð sinni þ.e. hvað má tiltaka í þjónustugjöldum. Ekki er nefnd skýrsla dags. 16. janúar 2016 sem umhverfisráðuneytið lét vinna um möguleika á einföldun leyfisveitinga og eftirlits né skýrsla dags. 27. mars 2017 sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið lét vinna um Matvælastofnun. HES leggur til að þessi vinna verði tekin með í greiningarvinnuna og ábendingar þar skoðaðar.

Það virðist sem ábendingar sem ráðuneytunum hefur borist núna varðandi fyrirkomulag núverandi eftirlits eigi uppruna sinn í umsögnum Samtaka atvinnulífsins við drög að breytingum á lögum nr.

7/1998 og drögum að reglugerð um skráningarskyldu fyrirtækja í stað starfsleyfisskyldu. Það vekur að sjálfsögðu athygli að það komi ekki skýrt fram hvaðan ábendingarnar koma og hverjar þær eru. HES eru orðin vön órókstuddum dylgjum um að eitthvað sé að framfylgd þeirra á lögum og reglum og að viðkomandi sem senda inn ábendingar sé ekki gert að skýra á haldbæran hátt hvað sé vandamálið. Það er því eðlilegt að KPMG fái skýr dæmi frá þeim sem senda inn ábendingar hvað það er sem er um að ræða, sem aðfinnsluvert er og að HES sé gerð grein fyrir hverjir kvarta og að hverju nákvæmlega kvartanir snúast. Jafnframt er eðlilegt að rætt sé við fulltrúa Samtaka sveitarfélaga sem hafa í greinagerðum við laga- og reglugerðabreytingar bent á kosti þess að opinbert eftirlit sé framkvæmt og skipulagt í nærumhverfinu og hafa haldið fram mikilvægi þess að vera með heilbrigðiseftirlitin á sveitarstjórnarstiginu. Síðan auðvitað eins og bent er á að tala við forsvarsmenn HES og þá sem bestu þekkingu hafa á starfsemi.

Fram kemur í erindi ráðuneytisins að skoða þurfi hvort eftirlit sé í samræmi við kröfur viðkomandi laga og reglugerða og í því sambandi er ágætt tækifæri að skoða samhliða hvort MAST og UST hafi rækt og verið það samræmingarafl sem þeim stofnunum er ætlaða að vera og hvort stofnun MAST árið 2008 hafi verið heilavænt skref.

HES bendir einnig á að í greiningarvinnunni þarf að skoða m.a. óskýrt og gallað regluverk sem lengi hefur velst um að lagfæra þrátt fyrir ákvæði þar um og ákall HES um úrbætur. Hér má nefna endurskoðun hollustuháttareglugerðar sem dæmi og leiðbeiningar byggðar á henni.

### **3. Greining og hugsanleg endurskoðun eftirlitskerfisins.**

Í kaflanum kemur fram gamalkunnugur frasi um einföldun regluverks í þágu almennings og atvinnulífs. Um þetta geta allir verið sammála að stefna að þó að nýlegar breytingar á regluverki HES hafi haft þveröfug áhrif og má nefna reglugerð nr. 550/2018. Oftar en ekki er lítið tillit tekið til umsagna HES ef yfirleitt eða samráð um breytingar sem varða starfssvið HES. Markmið laga og reglugerða um matvæli, mengun, hollustuhætti og önnur þau atriði sem eftirlit snýr að er varðar almannaheill hafa orðið út undan hingað til en atvinnulífið hefur verið í forgrunni eins og þessi kafli ber líka með sér.

Hér hlýtur krafan einnig að vera að mögulegar tillögur um breytingar séu byggðar á skoðun á skilvirkni og réttlæti eftirlits MAST og UST, samræmingu þar s.s. milli landshlutaskrifstofa stofnananna o.s.frv.

- 3.1. Lagt er til að bætt verði við spurningum um hvernig staðið er að upplýsingagjöf vs. upplýsingatregðu til almennings og þær spurningar eigi líka við MAST og UST.
- 3.2. HES þykir sérkennileg nálgun greiningarvinnunnar að leggja hana út frá göllum eingöngu þar sem vani er við greiningar að skoða jafnframt kosti. Þetta ber vitni um hlutdrægni. Í ljósi framsetningarinnar er lagt er til að endurskoðunin beinist að því finna kosti þess eða galla á núverandi fyrirkomulagi eftirlits, kanna hvort gjaldskrár eftirlitsaðila séu studdar með kostnaðargreiningu þannig að eingöngu sé innheimtur sannanlegur kostnaður við eftirlitið, kannað hvort unnt verði að framfylgja eftirliti eins um allt land með einum eftirlitsaðila sem hefur margar starfsstöðvar, skoða galla þess að hafa fulltrúa samtaka atvinnulífsins í heilbrigðisnefndum í stað fulltrúa almennings eða neytenda, skoða ástæður þess að Heilbrigðiseftirlit ríkisins var lagt niður á sínum tíma og núverandi fyrirkomulag tekið upp.

HES þykir tímasetning greiningarvinnunnar óheppileg þegar öll heilbrigðiseftirlitssvæðin standa mikilli vinnu vegna Covid 19 faraldursins, þar sem leiðbeiningar og eftirlit HES gegna gríðarmiklu og mikilvægu hlutverki og mætti hugleiða að fresta fram á haust.

Koma þarf skýrt fram varðandi tilgang greiningar vinnunnar núna sem hefur lítið farið fyrir hingað til, hver markmið heilbrigðiseftirlits eiga að vera þ.e. hvort eftirlitið eigi að einbeita sér að því að standa vörð um almannahagsmuni eða að þjóna atvinnulífinu aðallega. Hagsmunir þessara tveggja aðila fara ekki alltaf saman. Mögulega gæti þurft að breyta markmiðum gildandi laga og regluverks eftir því hver niðurstaðan verður.

HES vill einnig nefna að áhugavert væri jafnhliða þessari greiningarvinnu kostir þess og gallar að færa meira og minna allt matvæla- og umhverfiseftirlit til HES og þannig gætu stofnanir eins og MAST og UST unnið að samræmingu og leiðbeiningum eins og þeim stofnunum ber að gera, ásamt eftirliti með HES. Einnig má velta upp hugmyndum um að einfalda með því að færa viss verkefni sem skarast við verkefni HES hjá Vinnueftirliti, Neytendastofu og Sýslumanna til HES.

Rannsóknaspurningin um kosti og galla mismunandi eftirlitskerfa hlýtur að vera í báðar áttir. HES leyfir sér að fullyrða að hagkvæmara og skilvirkara eftirlit er erfitt að sjá fyrir sér en er hjá embættunum. Vert er í því samhengi að skoða stofnun MAST (klofningur matvælahlutans frá MUST/fyrrum Hollustuvernd ríkisins ásamt rannsóknastofu nú MATÍS) hvort það hafi aukið hagræði og skilvirkni fyrst slíkir þættir eru í forgrunni í þessari greiningarvinnu. Auk þess, eins og áður hefur komið fram ástæður þess að Heilbrigðiseftirlit ríkisins var aflagt.

HES fagna hins vegar öllum greiningum og úttektum á starfsemi sinni svo framarlega að þær séu unnar af þekkingu og heilindum með markmið og skilgreiningar laga um að landsmönnum séu búin heilnæm lífsskilyrði í huga.

Virðingarfyllst, fyrir hönd stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Ari Jóhann Sigurðsson, formaður

Árný Sigurðardóttir, ritari

Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri

---

Notandi: "Pálsson, Guðmundur" <gpálsson@kpmg.is>  
Dagsetning: 8.4.2020 08:50:20  
Til: "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>  
Efni: Greining á opinberu eftirliti - upplýsingaöflun

---

Sæl Árný

Vísa í samtal okkar frá því í gær. Viðhengt er form fyrir þær upplýsingar sem við teljum mikilvægar svo vinna okkar komi að sem mestu gagni.

Skýr áhersla er á að þær upplýsingar sem koma frá einstökum heilbrigðisnefndum, aðrar en þær sem almennt eru opinberar, s.s. tölulegar upplýsingar, verða ekki birtar einar og sér heldur aðeins samantekt KPMG sem byggir á svörum allra aðila.

Sérstaklega verður gætt að því að viðhorf eða skoðanir verði ekki rekjanlegar til tiltekinna einstaklinga í afurð KPMG.

Ég hvet þig til að koma á framfæri skoðunum þínum og svörum við þessum atriðum enda eru þau mikilvæg fyrir vinnslu verkefnisins.

Þér er jafnframt velkomið að hafa samband símleiðis eða með tölvupósti ef eitthvað þarfnast frekari skýringa.

Óskum eftir að svör berist í síðasta lagi 22. apríl nk. (miðvikudagur).

Kv. Guðmundur

**Guðmundur Pálsson**

Sérfræðingur

Sími: 545 6147 | [gpalsson@kpmg.is](mailto:gpalsson@kpmg.is)

Ráðgjafarsvið | KPMG | Borgartún 27 | [home.kpmg/is](http://home.kpmg/is)

Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt. Allar skoðanir og öll ráðgjöf sem þessi tölvupóstur inniheldur eru háð skilmálum og skilyrðum ráðningarbréfs milli KPMG og viðskiptavinarins.

\*\*\*\*\*

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful. Any opinions or advice contained in this email are subject to the terms and conditions expressed in the governing KPMG client engagement letter.

\*\*\*\*\*



- Gagnaöflun\_Heilbrigðisnefndir.xlsx



## **Men**

### **Fram**

#### **a. Alr**

- i.
- ii.
- iii.
- iv.
- v.

#### **b. Tíð**

- i.
- ii.
- iii.
- iv.
- v.

#### **c. Ge**

- i.
- ii.
- iii.

#### **d. Til**

- i.
- ii.

### **Frávi**

#### **a. Fjö**

#### **b. Hw**

#### **c. Er**

### **Hver**

- a.
- b.
- c.
- d.
- e.
- f.
- g.

## **Mat**

### **Fram**

#### **a. Alr**

- i.
- ii.
- iii.
- iv.

#### **b. Tíð**

- i.
- ii.
- iii.
- iv.
- v.

- vi.
- vii.

**c. Ge**

- i.
- ii.
- iii.

**d. Til**

- i.
- ii.

**Frávi**

- a. Fjö
- b. Hvi
- c. Er

**Hver:**

- a. Stö
- b. Föi
- c. Ám
- d. Da
- e. Stj
- f. Mál
- g. Aft

**Spur**

1) Hv

2) Hv

3) Hv

4) Hv

5) Hv

6) Hv

7) Tel

8) Er

9) Ert

10) H

11) A

## Þingunarvarnir og hollustuhættir

### kvæmd

#### nennt um framkvæmd

Hefur verið innleitt gæðakerfi við framkvæmd eftirlits?  
Er verkbókhald til staðar?  
Byggir framkvæmd eftirlits á settum verklagsreglum?  
Ef ekki, er byggt á leiðbeinandi viðmiðum Umhverfisstofnunar?  
Er stuðst við handbækur eða annað útgefið efni?

#### Þni/umfang

Hver var fjöldi eftirlitsskyldra aðila árið 2019?  
Hver var fjöldi eftirlitsferða árið 2019?  
Er útbúin áætlun um reglubundið eftirlit varðandi mengunarvarnir, sbr. 4. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018?  
Hvernig er tíðni eftirlits varðandi hollustuhætti ákveðin?  
Hefur tilvist innra eftirlits og saga um fyrri hlítingu áhrif á tíðni?

#### Þrð eftirlitsskýrslna/skráning niðurstaðna

Eru ávallt gerðar eftirlitsskýrslur?  
Hvernig er skráningu háttað (hvaða gagnagrunnur er notaður)?  
Eru skýrslur gerðar aðgengilegar á vefsvæði heilbrigðisnefndar?

#### Þfallandi eftirlit samkvæmt 64. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002

Við hvaða tilefni er tilfallandi eftirlit framkvæmt? (Vegna kvartana, vegna fyrri frávíka, frumkvæðisathuganir?)  
Eru tilfallandi eftirlitsheimsóknir framkvæmdar án fyrirvara?

### Þk og meðferð þeirra

Þldi skráðra frávíka árið 2019  
Þe langur tími leið að jafnaði þar til leyst var úr frávíki?  
Þeitt verklagsreglum um eftirfylgni og skráningu frávíka?

### Þsu oft var eftirtöldum eftirlitsúrræðum beitt árið 2019:

Þrafa um úrbætur  
Þáminning  
Þérstakar úttektir/viðbótareftirlit  
Þagsektir  
Þtöðvun starfsemi  
Þáli vísað til Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta  
Þál tilkynnt til lögreglu

## Þvælaeftirlit

### kvæmd eftirlits

#### nennt um framkvæmd

Hefur verið innleitt gæðakerfi við framkvæmd eftirlits?  
Er verkbókhald til staðar?  
Byggir framkvæmd eftirlits á settum verklagsreglum?  
Er stuðst við skoðunarhandbækur MAST eða annað útgefið efni?

#### Þni

Hver var fjöldi eftirlitsskyldra aðila árið 2019?  
Hver var fjöldi eftirlitsferða árið 2019?  
Er útbúin eftirlitsáætlun?  
Hvernig er tíðni matvælaeftirlits ákveðin?  
Er framkvæmd áhættuflokkun matvælafyrirtækja?

Er stuðst við áhættu- og frammistöðuflokkun MAST v/framleiðslu og dreifingu matvæla?  
Hefur fyrri hlítning og/eða vottað innra eftirlit fyrirtækja áhrif á tíðni eftirlits?

#### **Þöð eftirlitsskýrslna/skráning niðurstaðna**

Eru ávallt gerðar eftirlitsskýrslur?  
Hvernig er skráningu háttað (hvaða gagnagrunnur er notaður)?  
Eru skýrslur birtar á vefsvæði heilbrigðisnefndar?

#### **fallandi eftirlit**

Við hvaða tilefni er tilfallandi eftirlit framkvæmt? (Vegna kvartana, vegna fyrri frávíka, frumkvæðisathuganir?)  
Eru tilfallandi eftirlitsheimsóknir framkvæmdar án fyrirvara?

#### **Skýrslur og meðferð þeirra**

Hlutf. af skráðra frávíka árið 2019  
Eru langur tími leið að jafnaði þar til leyst var úr frávíki?  
Beitt verklagsreglum um eftirfylgni og skráningu frávíka?

#### **Skýrslur og meðferð þeirra**

Þöðun starfsemi  
Stærð og vörur  
Stærð og vörur  
Stærð og vörur  
Stærð og vörur  
Stærð og vörur  
Stærð og vörur  
Stærð og vörur

#### **Skýrslur og meðferð þeirra**

Hvernig er þín upplifun af fyrirkomulagi gagnvart eftirliti í þínu umdæmi? Má nefna helstu kosti og galla.

Hvernig eru helstu kostir í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Hvernig eru helstu gallar í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Hvernig eru helstu áskoranir í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Hvernig eru helstu áskoranir í núverandi eftirlitskerfi að þínu mati?

Hvernig er æskilegt fyrirkomulag eftirlits að þínu mati?

Hvernig þú þörf á endurskoðun á núverandi eftirlitskerfi? Ef svo er hvaða þætti þyrfti helst að skoða?

Hvernig þú þörf á endurskoðun á núverandi eftirlitskerfi? Ef svo er hvaða þætti þyrfti helst að skoða?  
Að þínu mati verkaskipting skýr milli heilbrigðisnefnda, MAST/Umhverfisstofnunar og fagráðuneyta m.a. með hliðsjón af valdmörkum stjórnv

[Redacted]

U að þínu mati möguleikar til samlegðaráhrifa með því að eftirlitið verði endurskoðað? Ef svo er, hvaða tegundir eftirlitsstarfsemi telur þú að t

[Redacted]

vernig er fyrirkomulag varðandi setningu gjaldskrár í þínu umdæmi?

[Redacted]

hvaða sem þú telur mikilvægt að koma á framfæri?

[Redacted]

---

**Gráir reitir eru innsláttarreitir**

Svör	Annað/frekari útskýring

Svör	Annað/frekari útskýring

Svör	Annað/frekari útskýring

Svör	Annað/frekari útskýring


Svör	
	Annað/frekari útskýring

Svör	
	Annað/frekari útskýring

Svör	

alda?



[Redacted]

nafi mest samlegðaráhrif?

[Redacted]

[Redacted]

[Redacted]

Rekstur heilbrigðisnefnda	
Árslok 2019	
<b>Rekstrartekjur</b>	
Eftirlitsgjöld og leyfi	
Framlög sveitarfélaga til rekstrar	
Aðrar tekjur	
Rekstrartekjur alls	0
<b>Rekstrargjöld</b>	
Laun og launatengd gjöld	
Önnur gjöld	
Rekstrargjöld alls	0
Eftirlitsgjöld og leyfi skv. lögum hollustuhætti og matvælalögum*	
Fjöldi starfsólks	
Fjöldi stöðugilda	
Fjöldi stöðugilda við heilbrigðiseftirlit	

\* Ef niðurbrot er til staðar